um einkenning fiskiskipa.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

1. gr.

Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sjer glögt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.

Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar samskonar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hjer á eftir.

Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

2. gr.

Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau ópekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

3. gr.

Það varðar sektum, frá 50—2000 kr., ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sjer merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá alt að 400 kr. sekt við því.

Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duldum, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um alt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

4. gr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúkningar hvorstveggja.